



Samræming úrgangsflokkunar

Leiðbeiningar til íbúa



Nýtt samræmt flokkunarkerfi


Með síðustu breytingum á lögum um meðhöndlun úrgangs var komið á samræmdu flokkunarkerfi yfir allt land. Þetta er mikilvægt fyrir innleiðingu hringrásarhagkerfis á Íslandi og stórt framfaraskref þar sem sýnt hefur verið fram á að sérsöfnun á hráefni leiði til meiri og betri flokkunar.

Nýja flokkunarkerfið byggir á sérsöfnun á eftirfarandi flokkum við íbúðarhús:

- Pappír og pappi
- Plastumbúðir
- Lífrænn eldhúsúrgangur
- Almennt sorp

Þá er sveitarfélögunum einnig skylt að nota samræmdar flokkunarmerkingar sem mun einfalda fólki mikið við flokkun. Merkingarnar eru samnorrænar og mikið af innfluttum vörum frá Norðurlöndunum eru nú þegar merktar með þessum merkjum til að leiðbeina neytendum hvernig skuli flokka. Frekari flokkunarleiðbeiningar má finna á heimasíðu Íslenska gámafélagsins.

Nú er þitt sveitarfélag að hefja innleiðingu á þessu nýja kerfi og því bætist við tunna á þitt heimili. Íslenska gámafélagið mun afhenda nýju tunnuna og endurmerkja þær sem fyrir eru með nýju merkingunum. Aðrir flokkar sem til falla á heimilinu má skila á grenndarstöðvar eða gámasvæði.



Pappír

Dagblöð, tímarit, umslög, skrifstofupappír og annar prentpappír

Pappi

Bylgjupappi, fernur og aðrar umbúðir úr sléttum pappa, t.d. morgunkornspakkar og eggjabakkar.




Plastumbúðir

Allar umbúðir úr hörðu eða mjúku plasti, t.d. plastpokar, hreinsiefnabrúsar, skyrdósir og plastfilma



Almennt sorp

Óhreinar umbúðir og annað óendurvinnanlegt eins og bleyjur og tyggjó



Matarleifar

Ávextir og grænmeti, brauð, kaffikorgur, kjöt- og fiskafgangar, pasta, kartöflur, eggjaskurn, tannstönglar og servíettur.



